

Reglur þessar taka þegar gildi og jafnframt falla þá úr gildi allar andstæðar eldri reglur um umferð í Sandgerði.

Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu, 3. desember 1980.

Jón Eysteinnsson.

3. nóvember 1980.

Nr. 664.

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Bolungarvíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Við vesturbrún Hafnargötu, frá horni Brimbrjótsgötu norður að mótum Hafnargötu og Aðalstrætis, eru bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mínútur.
2. Við austurbrún Hafnargötu eru bifreiðastöður bannaðar frá horni Brimbrjótsgötu norður að bifreiðastæðum vestan frystihúss.
3. Á Vitastíg (beggja vegna götunnar) frá Hafnargötu að Aðalstræti eru bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mínútur.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar á Þuridarbraut (beggja vegna götunnar) frá Hólsárbrú að gatnamótum sunnan við bensínstöð Olíufélagsins Skeljungss hf.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík, 3. nóvember 1980.

Halldór Kristinnsson.

23. desember 1980.

Nr. 665.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar við austanverðan Eskihvamm.
2. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar beggja vegna Engihjalla.
3. Umferð um Nýbýlaveg njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð aðliggjandi gatna, þannig að umferð þeirra viki fyrir umferð um Nýbýlaveg, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numín úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 23. desember 1980.

Leó E. Löve, fulltrúi.